

Nd.

45. Frumvarp til laga

[48. mál]

um breyting á lögum nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Í stað orðanna „5 aura innflutningsgjaldi“ í a-lið 8. gr. laganna komi: 10 aura innflutningsgjaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1939 fluttu þrjú þingmenn Framsóknarflokksins frumvarp um brúasjóð. Skyldi sjóðurinn fá tekjur af hluta af benzínskatti, er samsvaraði einum eyri af verði hvers benzínlítra, en fé sjóðsins yrði varið til að greiða kostnað við að brúa hinar stærstu ár í landinu. Frumvarpið var ekki samþykkt í það sinn og ekki heldur 1940, er það var borið fram aftur. En með lögum nr. 87 1941 var brúasjóður stofnaður, og tveim árum síðar voru með lagabreytingu tekjur sjóðsins hækkaðar um helming frá því, sem ákveðið var 1941, samkvæmt tillögum tveggja þingmanna Framsóknarflokksins. En með lögum nr. 53 1946 var brúasjóður sviptur tekjum sínum og þeim ráðstafað á annan hátt samkvæmt tillögum þáverandi fjármálaráðherra. Stóð svo um þriggja ára skeið. 1949 var aftur lögfest, að hluti af benzínskatti rynni í brúasjóð, og nemur sú fjárhæð 5 aura gjaldi af hverjum benzínlítra.

Á síðustu árum hafa nokkrar stórbrýr verið byggðar fyrir fé brúasjóðs. Enn þá eru þó mörg og stór verkefni óleyst á þessu sviði, þar sem allmargar stórar eru enn óbrúaðar og gera þarf að nýju stórbrýr á nokkrum stöðum í stað annarra, sem eru að falli komnar.

Kostnaður við brúagerðir hefur margfaldast frá því, er síðasta styrjöld hófst. Vinnulaun eru meira en tíföld að krónutölu móts við það, sem var 1939, og efni til brúagerða hefur stórhækkað. Tíu aura gjald af benzínlítra er því ekki hlutfallslega hærrí fjárhæð en eins eyris gjald hefði verið 1939.

Með þessu er lagt til, að tekjur brúasjóðs verði auknar um helming frá því, sem nú er, með það fyrir augum að hraða nauðsynlegum framkvæmdum í samgöngumálum.